

Fjarðabyggð  
Hafnargötu 2  
730Reyðarfjörður

Reykjavík, 26. nóvember 2021  
UST202103-166/S.M.  
08.14.02

### **Lokunareftirlit á aflagðan urðunarstað Fjarðabyggðar**

Þann 7. september sl. fór fram lokunareftirlit á aflagðan urðunarstað Fjarðabyggðar á Heydalamelum í Breiðdal. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

#### **Engin ábending var gerð í eftirlitinu en eitt frávík kom fram er varðar:**

1. Gr. 1.4 í fyrirmælum um frágang og vöktun. Frágangi átti að vera lokið 8. september 2020. Við eftirlit kom í ljós að frágangi urðunarstaðarins er ekki lokið. Eftir á að ganga frá gryfju neðst á urðunarstaðnum og fjarlægja annan úrgang sem þar er.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 17. desember 2021.**

Virðingarfyllt

Sigríður Magnúsdóttir  
sérfræðingur

Steinunn Karlsdóttir  
sérfræðingur